

Mánaðaryfirlit

Stefnumótunar og greiningar

Mars 2021



6,6% samdráttur á síðasta ári

Hagstofan áætlar að verg landsframleiðsla hafi dregist saman um 6,6% á síðasta ári nú þegar tölur um 4. ársfjórðung liggja fyrir. Er um minni samdrátt að ræða en nýlegar spár gerðu ráð fyrir, en greiningaraðilar höfðu margir spáð um kringum 8% samdrætti þegar árið lægi fyrir.


1,9% samdráttur þjóðarútgjalda

Mun minni samdráttur mælist í þjóðarútgjöldum en spár gerðu ráð fyrir eða einungis 1,8%.


Skýrist það af minni samdrætti á fjórða ársfjórðung ásamt sterkari einkaneyslu og fjármunamyndun. Einungis er þó um bráðabirgðatölur að ræða.

Einkaneyslan dróst saman um 3,3% milli ára. Í samhengi við stærð efnahagsáfallsins hefur neysla heimilanna verið sterk í krísunni en á árunum 2008-2009 dróst neysla saman um að jafnaði 9,6% á ári. Ljóst er að lækkun vaxta, aðgerðir stjórnvalda og geta heimila til að ganga á sparnað hafa stuðlað að auknum neysluútgjöldum.

Þjóðhagsreikningar - % breytingar



Spáaðilar gerðu ráð fyrir meiri samdrætti



● Samdráttur

5,1% samdráttur á 4. ársfjórðungi og minni opinber fjárfesting

Hagstofan áætlar að samdráttur á 4. ársfjórðungi hafi mælst 5,1% frá sama tímabili ári áður. Sýnilega voru minni áhrif af sóttvarnaaðgerðum á síðari helmingi ársins, en sem dæmi dróst einkaneyslan saman um 3,1% á fjórða ársfj. og er það minni samdráttur en á öðrum og þriðja ársfjórðungi.

Svipuð þróun birtist í fjármunamyndun, en samdráttur mældist 4,6% á ársfjórðungnum og er þar 11,6% vöxtur í byggingu íbúða sem vegur upp á móti samdrætti í atvinnuvega-fjárfestingu og fjárfestingu hins opinbera. Athygli vekur að sé litið á fjárfestingu hins opinbera dregst hún saman um 2,7% á fjórða

ársfjórðungi. Sé árið skoðað í heild hefur opinber fjárfesting dregist saman um 9,3% milli ára en opinber fjárfesting dróst einnig saman um 10,8% árið 2019.



30,5% samdráttur í útflutningi á síðasta ári

Neikvæðust efnahagsáhrif tengd útbreiðslu kórónaveirunnar hafa komið fram í áhrifum á utanríkisviðskipti. Stærstu áhrifin birtast í afleiðingum ferðatakmarkana og minni ferðavilja en aðrar greinar verða þó einnig fyrir áhrifum vegna takmarkana á fjölbreyttri starfsemi um heim allan. Má þar nefna áhrif á útflutning sjávarafurða vegna lokana veitingahúsa.


30,5% samdráttur mældist í útflutningi á síðasta ári og þar af 51,2% samdráttur í útfluttri þjónustu.

Samdráttur í vöruútflutningi mældist hins vegar 8,5%.

Innflutningur dróst einnig verulega saman, eða um 22% sem dró úr neikvæðum áhrifum útflutnings á landsframleiðslu.

Fá dæmi eru um viðlíka áföll á utanríkisviðskipti og urðu á síðasta ári. Sé útflutningur skoðaður frá árinu 1947 er samdráttur síðasta árs sá lang dýpsti. Samanborið mældist samdráttur 13% árið 1967 og 6% árið 1968 þegar síldarlausu árin fóru að gera vart við sig.

Útflutningur - ársbreytingar



Einungis 3,3% samdráttur einkaneyslu

Neysla heimila dróst saman um 3,3% á síðasta ári en þar er um minni samdrátt að ræða en búist hafði verið við. Heimili hafa getað haldið uppi neyslu, nýtt úrræði og gengið á sparnað.

Athyglisvert er að skoða áhrif ólíkra áfalla á einkaneysluna, annars vegar fjármálahrunsins 2008 og svo Covid-19 kreppunnar.


Samdráttur í neyslu var mun meiri í fjármálahruninu, að jafnaði tæplega 10% á ári á árunum 2008-2009.

Einnig var munur á því hvernig heimilin breyttu neysluhegðun sinni. Ólíkt fjármálahruninu breyttist neyslan einnig út af takmörkunum en ekki eingöngu vegna tekju-, skulda- eða fjárhagsvanda.

Pannig minnkuðu heimilin útgjöld í húsgögn og heimilisbúnað í fjármálahruninu en juku þau útgjöld um 8% á síðasta ári.

Svipaður samdráttur mældist í ferðum og flutningum en í fjármálahruninu skýrðist það af hruni í kaupum á nýjum bílum en nú vegna færri ferðalaga.

Einkaneyslan - 2020 og meðalbreyting 2008-2009



Árshækkun launavísitölu 10,3% í janúar


Vísitala launa hækkaði milli mánaða um 3,7% í janúar 2021. Um áramót voru kjarasamningsbundnar launahækkanir þvert á vinnumarkaðinn sem skýra bróðurpart hækkunarinnar.

Auk launahækkana telur vinnutímastytting hjá hinu opinbera til hækkana á launavísitölu í janúar.

Stytting í dagvinnu á opinberum vinnumarkaði kom þá til framkvæmda og var vinnudagurinn stytur um 13 mínútur með ólíkum útfærslum hvort tveggja á því hvernig farið er með styttingu og hvort meðfram kjarasamningsbundnu styttingunni eigi sér stað sala á kaffitímum og breytt viðvera.

Fyrsta mat Hagstofu á 13 mínútna styttingunni í opinberu samningunum er að styttingin hækki launavísitöluna í janúar um 0,4%. Fyrirvari um endurskoðun er gerður á matinu og tekið fram að áhrif styttingar hjá hinu opinbera muni fyrirsjáanlega hafa frekari áhrif næstu mánuði t.a.m. með styttingu hjá vaktavinnufólki sem kemur til framkvæmda í maí.

Launavísitala breytingar - jan.19 - jan.21



Áhrif styttingar vinnutíma á almennum vinnumarkaði hafa verið metin sem 0,8% hækkun á launavísitölu. Almennur vinnumarkaður vegur tæp 75% af launavísitölunni og sá opinberi 25%.



Dregur úr verðbólgu milli mánaða

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,69% milli mánaða og mælist ársverðbólga í febrúar 4,1% samanborið við 4,3% í janúar.


Vísitala án húsnæðis hækkar um 0,76% milli mánaða og mælist 4,5% á ársgrundvelli í febrúar samanborið við 4,7% í janúar.

Vetrarútsölur ganga til baka

Lok vetrarútsalna hefur mest áhrif til hækunar á vísitölunni sem felst í hækkunum á fötum, skóm og húsgögnum, heimilisbúnaði o.fl. Þá hefur viðhaldsþjónusta töluverð áhrif til hækunar á húsnæðisliðnum í vísitölunni.

Verðbólga mælist enn nokkuð yfir 2,5% verðbólgu markmiði Seðlabankans en líkt og kom fram í síðasta yfirliti skýrist verðbólga af töluverðri veikingu krónunnar á síðasta ári. Útlit er fyrir að þau áhrif séu að mestu komin fram og draga muni úr verðbólgu á næstu misserum.

Verðbólga jan.2014 - feb.2021



Febrúar mæling hagstofunnar



4,1%

Verðbólga



2,2%

Hækkun bensínverðs



4,3%

Verðbólga án húsnæðis




1,2%

Hækkun innfluttra vara

Breytingar eftir undirliðum

Ársbreyting

Mánaðarbreyting



Veiking gengis krónunnar megindrifkraftur hækkunar verðlags undanfarna tólf mánuði

Mest áhrif til hækkunar hefur hækkun á húsgögnum og heimilisbúnaði um 3,16% (áhrif 0,17%) og hækkun á fötum og skóm um 4,38% (áhrif 0,16%). Þar á eftir kemur hækkun á viðhaldsþjónustu um 2,18% (áhrif 0,11%) sem hefur mest áhrif til hækkunar á húsnæðisliðnum sem hækkar um 0,43%

Ferðir og flutningar hækka nokkuð en mest áhrif hefur hækkun á bensíni og olíu um 2,19% (áhrif 0,07%), hækkun á flugfargjöldum innanlands um 17,47% (áhrif 0,04%) og hækkun á viðhaldi og viðgerðum um 0,79% (áhrif 0,02%).

Lækkun á nýjum bílum um 0,83% (áhrif -0,04%) vegur þó upp á móti. Hækkun á liðnum tómstundir og menning um 0,78% (áhrif 0,08%) hefur einnig nokkur áhrif á hækkun á vísitölunni.


Hækkun á liðnum húsgögnum og heimilisbúnaði má að mestu rekja til 5,16% hækkunar á sjónvörpum, tækjum til upptöku, hljómflutningstækjum og sambærilegum vörum.

Fáir liðir lækka milli mánaða en mest áhrif til lækkunar á vísitölunni hefur lækkun á nýjum bílum um 0,83% (áhrif -0,04%) og lækkun á mat- og drykkjarvöru um 0,11% (áhrif -0,02%).

Ef breytingar á vísitölunni eru skoðaðar eftir eðli og uppruna (Sjá mynd af ofan) má sjá að innfluttur liðir hafa verið megindrifkraftar hækkunar verðlags undanfarna tólf mánuði.

Þar má nefna 9,1% hækkun á innfluttri mat og drykkjarvöru, 8,3% hækkun á nýjum bílum o.fl. og 7,5% hækkun á öðrum innfluttum vörum.

Verðbólga og gengi Evru



● Verðbólga ● Gengi Evru



Aðeins tvö af 15 sveitarfélögum bjóða upp á lægri leikskólagjöld fyrir atvinnulausa

Aðeins Akureyri og Garðabær bjóða upp á lægri leikskólagjöld fyrir atvinnulausa, af þeim 15 sveitarfélögum sem úttekt verðlagseftirlits ASÍ á breytingum á leikskólagjöldum og gjöldum fyrir skóladagvistun og skólamat nær til.

Ekkert sveitarfélag er með lægri skóladagvistunargjöld fyrir atvinnulausa. Í tveimur sveitarfélögum, Hafnarfirði og Mosfellsbæ, eru afslættir af leikskólagjöldum reiknaðir út frá tekjuviðmiðum og geta atvinnulausir mögulega fallið undir þau viðmið og hlotið afslátt.

Öll 15 sveitarfélögin bjóða upp á lægri leikskólagjöld fyrir forgangshópa en einungis fjögur þeirra bjóða upp á lægri gjöld fyrir skóladagvistun/frístund.

Greiðslur foreldra sem tilheyra forgangshópum hækka því í flestum tilfellum milli skólastiga. Þau hækka mun síður hjá þeim sem greiða almenn gjöld

Forgangshópar greiða í flestum tilfellum sömu gjöld og aðrir þegar börnin eru komin í grunnskóla.

Misjafnt er hverjir tilheyra forgangshópum hjá sveitarfélögunum og greiða lægri gjöld. Algengast er að einstæðir foreldrar og námsmenn greiði lægri leikskólagjöld en fá sveitarfélög bjóða upp á lægri leikskólagjöld fyrir öryrkja og atvinnulausa.

Verðlagseftirlit ASÍ skoðaði hvernig kostnaður foreldra í 15 stærstu sveitarfélögum landsins breytist við að barn

færst frá leikskóla yfir í skóladagvist/frístund og hverjir það eru sem tilheyra forgangshópum og hafa kost á að greiða lægri gjöld. Miðað var við eitt barn í vistun í 8 tíma á leikskóla með mat og í 3 tíma í skóladagvist með mat og síðdegishressingu.

Flest sveitarfélög með lægri leikskólagjöld fyrir einstæða foreldra og foreldra í námi

Öll 15 sveitarfélögin bjóða upp á lægri leikskólagjöld fyrir forgangshópa en misjafnt er hverjir falla undir þá skilgreiningu hjá sveitarfélögunum. Akureyrarbær og Garðabær eru einu sveitarfélögin sem bjóða upp á lægri leikskólagjöld fyrir atvinnulausa. Í Garðabæ geta foreldrar sótt um tímabundinn afslátt vegna



atvinnuleysis annars foreldris eða beggja en hjá Akureyrarbæ er afsláttur af leikskólagjöldum ef báðir foreldrar eru atvinnulausir. Foreldrar sem eru á atvinnuleysisbótum ættu þó að falla undir tekjuviðmið hjá Mosfellsbæ og Hafnafjarðarbæ, a.m.k. ef þeir eru á grunntatvinnuleysisbótum.

Í öllum sveitarfélögum er boðið upp á lægri leikskólagjöld fyrir einstæða foreldra en í Mosfellsbæ og Hafnafirði eru tekjuviðmið

og fer það þá eftir tekjum einstæðra foreldra hvort þau geta fengið lækkun á gjöldum.


Aðeins fjögur sveitarfélög bjóða upp á lægri skóladagvistunargjöld fyrir forgangshópa Einungis fjögur sveitarfélög af 15 bjóða upp á lægri skóladagvistunargjöld fyrir forgangshópa en það eru Kópavogur, Garðabær, Akranes og Seltjarnarnes. Gjöld fyrir vistun barna breytast í mörgum tilfellum þegar börnin færast milli

skólastiga og fara úr leikskóla yfir í grunnskóla og hækka í mörgum tilfellum talsvert.

Mest hækka gjöld hjá fólki með mestan afslátt forgangshópa. Þannig hækka gjöldin í mörgum tilfellum um yfir þriðjung, í nokkrum tilfellum um yfir helming.

Ólíkt gjöldum fyrir forgangshópa lækka almenn gjöld í flestum tilfellum milli skólastiga eða í 11 sveitarfélögum af 15.

Breyting á gjöldum forgangshópa við hækkun skólastigs



Stafræna hagkerfið styður atvinnuþátttöku fatlaðra

Framfarir á sviði hins stafræna hagkerfis skapa áður óþekkt tækifæri til að greiða fyrir þátttöku fatlaðra á vinnumarkaði. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Alþjóðavinnuárástofnunarinnar (ILO).

Í skýrslunni segir að COVID-veirufaraldurinn hafi orðið til þess að hraða enn frekar en ella breytingum innan stafræna hagkerfisins sem koma muni fötluðu fólki til góða. Megi þar nefna sköpun nýrra starfa sem henta fötluðum, breytingar á núverandi störfum og vinnumiðlun um netið. Þar eru einnig tiltekin þau verkefni sem helstu haghafar geta beitt sér fyrir í því skyni að tryggja að tækniframfarir geti komið til góða þeim

milljarði jarðarbúa sem búa við fötlun í einhverri mynd. Er þar vísað til stafræna iðnaðarins, háskóla, ríkisstjórna, launafólks og atvinnurekenda og síðast en ekki síst fatlaðra og samtaka þeirra.

Fram kemur að þrjú mikilvægustu skrefin til að tryggja aukna aðkomu fatlaðra að hinum stafræna vinnumarkaði séu að tryggja aðgengi, leggja áherslu á stafræna kunnáttu og fjölga tækifærum á sviði stafrænnar vinnu.

Í skýrslunni segir að verði ekki brugðist við og hindrunum rutt úr vegi geti tæknibreytingar orðið til þess að auka enn ójöfnuð og útskúfun. a á Spáni.

Því sé þörf á skilvirkum og sértækum aðgerðum til að greiða fyrir þátttöku fatlaðs fólks í stafræna hagkerfinu. Skýrslan sem nefnist á ensku An Inclusive Digital Economy for People with Disabilities var unnin í samstarfi ILO og ONCE-samtakann

